Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

150. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Sveinatungu, Garðabæ, föstudaginn 6. nóvember 2026
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:
Ásgeir Guðmundur Bjarnason, Birkir Ingibjartsson, Björg Fenger, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Guðný María Jóhannsdóttir, Elís Guðmundsson, Eydís Inga Valsdóttir, Helgi Steinar Helgason, Hjördís Ýr Johnson, Hjörtur Örn Arnarsson, Kjartan Atli Kjartansson, Petra Marteinsdóttir, Stefán Már Víðisson, Sævar Birgisson, Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri og Jóhannes Bjarki Bjarkason starfsmaður SSH.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Guðný María Jóhannsdóttir setti fund og stýrði.

Dagskrá:

Petra Marteinsdóttir mætti kl. 12:15.

1. KÓP Gunnarshólmi - Breytingar á svæðisskipulagi - 2503001

Málið hefur áður verið tekið fyrir á fundum nefndarinnar, á 136. fundi þann 14. mars 2025, 137. fundi þann 11. apríl 2025 og 149. fundi þann 16. október sl.

Fyrirliggjandi eru eftirfarandi gögn:
- Minnisblað svæðisskipulagsstjóra um erindið og næstu skref, dags. 4. nóvember 2026.
- Erindi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 18. september 2026, auk fylgigagna.

Umræður.

Fram kom tillaga um að afgreiðslu málsins yrði frestað til næsta fundar svæðisskipulagsnefndar.
Fram kom tillaga um að svæðisskipulagsnefnd myndi fela svæðisskipulagsstjóra að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu í samvinnu við skipulagsdeild Kópavogsbæjar.

Kosið var um tillögu um frestun á afgreiðslu málsins til næsta fundar. Tillagan var felld með atkvæðum Ásgeirs Guðmundar Bjarnasonar, Elísar Guðmundssonar, Guðbjargar Oddnýjar Jónasdóttur, Guðnýjar Maríu Jóhannsdóttur, Hjördísar Ýrar Johnson, Hjartar Arnar Arnarssonar, Stefáns Más Víðissonar, Sævars Birgissonar og Petru Marteinsdóttur gegn atkvæðum Birkis Ingibjartssonar, Eydísar Ingu Valsdóttur, Helga Steinars Helgasonar og Kjartans Atla Kjartanssonar. Björg Fenger sat hjá.

Þá var kosið um tillögu um að hefja gerð lýsingar að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Tillagan var samþykkt með atkvæðum Ásgeirs Guðmundar Bjarnasonar, Bjargar Fenger, Elísar Guðmundssonar, Guðbjargar Oddnýjar Jónasdóttur, Guðnýjar Maríu Jóhannsdóttur, Hjördísar Ýrar Johnson,

Hjartar Arnar Arnarssonar, Kjartans Atla Kjartanssonar, Stefáns Más Víðissonar, Sævars Birgissonar og Petru Marteinsdóttur. Birkir Ingibjartsson, Eydís Inga Valsdóttir og Helgi Steinar Helgason sátu hjá.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að hefja gerð lýsingar fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar vegna breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við skipulagsdeild Kópavogsbæjar. Lýsingin verði síðar lögð fram til samþykkis svæðisskipulagsnefndar á fundi.

2. GB Rjúpnahlið - Breyting á svæðisskipulagi, vaxtarmörk - 2208011

Málið hefur áður verið tekið fyrir á 110. og 114. fundi nefndarinnar árin 2022 og 2023 og á 137. og 138. fundi árið 2025.

Frestað.

3. Vinnufundur svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Fyrirliggjandi eru dagskrá og fyrirkomulag vinnufundar svæðisskipulagsnefndar.

Gestir undir þessum lið voru ýmsir sérfræðingar sem boðaðir höfðu verið til samtals við nefndina um málefni svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Einnig var fagráði svæðisskipulagsnefndar boðið að taka þátt á vinnufundinum.

Sérfræðingarnir fóru yfir kynningar sínar og svöruðu spurningum. Þá tóku gestir fundarins þátt í umræðum um málefni svæðisskipulags í lok vinnufundarins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30.